

Arnarlax ehf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

Reykjavík, 19.12.2024
UST202401-253/F.T.
08.12.02

Efni: Málslok eftirfylgnimála

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 24.9.2024, þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika er fram komu í eftirliti hjá Arnarlaxi í Fossfirði í Arnarfirði, þann 13.6.2024. Þrjú frávik voru skráð í eftirlitinu en einu lokað í bréfinu.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að skila inn ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti var ekki skilað fyrr en 26.júní 2024 og með ófullnægjandi upplýsingum.
2. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Rekstraraðila skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald.

Umhverfisstofnun hafa borist þau gögn sem stofnunin óskaði eftir og telst frávikunum lokið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur